



Rangárping ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA
Iceland

Garðabær, 10.4.2025

Málsnúmer: 202502-0069

LA

Efni: Landmannahellir, breyting á deiliskipulagi. Endurauglýsing.

Vísað er í tölvubréf frá Rangárpingi ytra gegnum Skipulagsgátt, dags. 28. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um endurauglýsingu á deiliskipulagsbreytingum fyrir Landmannahelli innan Friðlands að Fjallabaki.

Með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu til að mæta auknum kröfum varðandi aðbúnað, samhliða því að bæta þjónustu við ferðafólk.

Friðland að Fjallabaki var friðlýst 1979 með það að markmiði að vernda sérstæðar jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins. Friðlandið er innan Þjóðlendu og á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO. Verndun náttúru svæðisins þarf að vera í öndvegi við alla ákvarðanatöku um notkun og skipulag þess. Rangárvalla- og Landmannaafreitur fellur undir hverfisvernd (HV13) vegna náttúruverndar.

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn til sveitarfélagsins í desember 2023 varðandi [tillögu að breytingum á deiliskipulagi Landmannahellis](#) og er vísað í hana þar sem litlar breytingar hafa verið gerðar.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við greinagerð:

Í kafla 5.16 um umferð og bílastæði kemur fram eftirfarandi: Tvö rútustæði eru á efra svæðinu og tvö á því neðra. Jafnframt eru bílastæði stækkuð við tjaldsvæði og við fyrirhugað þjónustuhús. Samtals eru 50 bílastæði fyrir gesti við tjaldsvæði og þjónustuhús ásamt fjórum rútustæðum. Við hvern gistiskála skulu að lágamarki vera tvö bílastæði. Engar flatarmálsstærði eru settar fram í tengslum við bíla- og rútustæði.

Fram kemur að taldsvæðin tvö í Landmannahelli verða afmörkuð betur og stækkuð, og að stærð lóða fyrir tjaldsvæðin verði 3.550 og 9.383 m². Ekki kemur fram hvort ráðgert sé að byggja þjónustuhús við tjaldsvæðin.

Ósamræmi er í stærðartölum um byggingar á lóð L10. Í dag eru fjögur hús á lóðinni (hvert um 20 m² að stærð) og snyrting (6 m²). Breytingar fela í sér stækkun lóðar þannig að koma megi fyrir átta smáhýsum og að heildar byggingarmagn verði um 230 m², og samkvæmt því verður hvert nýtt smáhýsi um 18 m². Hins vegar stendur í kafla 6 um sérskilmála, að á lóð L10 verði heimilt að reisa fjögur smáhýsi til viðbótar við þau fjögur sem fyrir eru á lóðinni. Gistiskálar geta verið allt að 25 m² að stærð.

Uppbygging innan svæðisins ásamt auknu álagi frá ferðþjónustu er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir, gróður og landslag svæðisins.



Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri ábendingar um að fara þarf varlega í frekari uppbyggingu innan friðlandsins þar sem það mun raska náttúruminum og auka álag vegna nýtingar s.s. vatnstöku, efnistöku, umferðar ferðafólks o.fl. Þá er mikilvægt að ekki verði byggð upp of mörg þjónustusvæði innan friðlandsins og nauðsynlegt er að fyrir liggi þolmarkagreining áður efn ráðist er í umfangsmiklar innviðaupbyggingar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur